

Lög

Nr. 11.
3. ágúst.

um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Íslands banki skal, með samþykki bankastjórnarinnar, leystur undan þeirri skyldu, að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt, samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, 4. gr., gegn því, að hann afhendi landsstjórninni allan málmforða sinn, sbr. sömu lög, 5. gr. a og b, til ráðstöfunar, enda taki landsstjórnin fyrir landssjóðs hönd jafnframt að sjer ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum bankans, sem málmforðanum nemur.

Um leið og lög þessi ganga úr gildi, eða ráðstöfuninni um óinnleysanleik seðlanna verður af ljett, afhendir landsstjórnin bankanum aftur gullforðann.

2. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi heimilast landsstjórninni að banna póststjórninni að nokkru eða öllu leyti að afgreiða póstávísanir og póstkröfuávísanir til annara landa.

3. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, er landsstjórninni heimilt að ákveða, hversu mikið fje megi taka út úr hverri sparisjóðsbók eða innlánsbók á degi, viku eða mánuði, í bönkunum, útbúum þeirra og öðrum sparisjóðum landsins.

Nr. 11.
3. ágúst.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til októberloka 1914.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalfuborg, 3. ágúst 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.